

Sp.

64. Tillaga til þingsályktunar

[55. mál]

um fiskirannsóknir á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma fiskirannsóknir á Breiðafirði og á innfjörðum hans. Rannsóknir þessar fari fram í samráði við vélbátaformenn á útgerðarstöðum við Breiðafjörð. Landssambandi isl. útvegsmanna skal tilkynnt um árangur rannsókna, þegar hann er fyrir hendi.

Greinargerð.

Mikill áhugi ríkir meðal útgerðarmanna, sjómanna og annarra einstaklinga í Breiðafjarðarbyggðum um rannsókn á fiskigöngum og uppeldisstöðvum góðfisks í Breiðafirði og þeim mörgu fjörðum, sem skerast inn úr honum.

Allar slíkar rannsóknir og fiskileitir hafa mikinn kostnað í för með sér, og er í flestum tilfellum ofviða útgerðarmönnum eða útgerðarfyrirtækjum að standa straum af þeim. Það má telja öruggt, að Breiðafjörður og innfirðir hans séu miklar uppeldisstöðvar margs konar góðfisks, og að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að af hendi þess opinbera fari fram kerfisbundnar rannsóknir, eins og framkvæmdir hafa verið við Faxaflóa.

Kolamiðin á Breiðafirði eru talin ein þau aflasælustu hér við land, enda voru dragnótaveiðar stundaðar þar af miklum dugnaði og með góðum árangri, meðan þær voru leyfðar. Enn lifa sjómenn og útgerðarmenn við Breiðafjörð í þeirri von, að dragnótaveiðar verði leyfðar á ný, þótt ekki væri nema 2—3 mánuði árlega.

Litils háttar hefur verið reynt með rækjuveiðar í innfjörðum Breiðafjarðar, og það helzt í innfjörðunum norðanvert í Breiðafirði. Í flestum þessara innfjarða virtust rækjumíð vera fyrir hendi, og spáir það góðu um aflabrogð. En allt krefst þetta rannsókna, sem telja verður nauðsynlegt og sjálfsagt að verði látnar fara fram fyrir atbeina þess opinbera.

Flm. hafa beint fyrirspurnum sínum til forstjóra fiskideildar atvinnudeildar háskólans, hr. Jóns Jónssonar, um möguleika á aukinni hagnýtingu fiskstofna í Breiðafirði. Hefur forstjórinn látið flm. í té umsögn sína í bréfi, dags. 8. þ. m., og fylgir hún hér með.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS, FISKIDEILD

Reykjavík, 8. nóv. 1956.

Fiskideildinni hefur borizt fyrirspurn frá alþingismönnum Friðjóni Þórðarsoni og Sigurði Ágústssyni um möguleika á aukinni hagnýtingu fiskstofna í Breiðafirði.

Litlar fiskirannsóknir hafa verið gerðar á Breiðafirði, miðað við aðra landshluta, einna helzt á þekktum fiskislóðum á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert í innfjörðum Breiðafjarðar.

Sennilega er Breiðifjörður mikil uppeldisstöð ungfisks, og er æskilegt, að á því væru gerðar kerfisbundnar rannsóknir á líkan hátt og í Faxaflóa. Æskilegt væri og að vita, hvaða þýðingu Breiðifjörður hefur sem uppeldisstöð fyrir íslenska fiskstofna almennt, og mundu merkingar geta skorið úr um það. Togtilraunir á völdum stöðum gefa okkur nokkra hugmynd um magn af fiski, og væri nauðsynlegt að fá á þann hátt mynd af fiskstofnum Breiðafjarðar og framleiðslugetu hans.

Jón Jónsson,  
forstjóri fiskideildar.